

Persónuverndarstefna Ísafoldar Capital Partners hf.

Starfsemi Ísafoldar Capital Partners hf. (hér eftir nefnt „Félagið“ eða „ÍCP“) felst í að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Í þessu felst meðal annars nauðsynleg vinnsla persónuupplýsinga. ÍCP er umhugað um vernd persónuupplýsinga og hefur einsett sér það markmið að farið sé með upplýsingarnar með eins öruggum hætti og hægt er.

Persónuverndarstefnan er byggð á ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili persónuverndar er ÍCP hf., kt. 531109-2790, Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík. ÍCP er með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða sbr. lög nr. 45/2020. ÍCP starfar samkvæmt lögum um fjármálaþyrtækni, nr. 161/2002, og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Tegundir persónuupplýsinga

Þær tegundir persónuupplýsinga sem ÍCP vinnur einkum með eru fjármála- og öryggisupplýsingar sem og almennar lýðupplýsingar. Vinnsla persónuupplýsinga getur verið nauðsynleg á grundvelli samnings við viðskiptavin, ákvæði laga, með samþykki viðskiptavinar eða vegna lögmætra hagsmuna þess.

Líkt og áður hefur komið fram er ÍCP undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og á fyrirtækinu hvíla ýmsar lagaskyldur til að varðveita upplýsingar, m.a. bókhaldslög og lög um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga

Megintilgangur vinnslu persónuupplýsinga er að veita viðskiptavinum þá þjónustu sem þeir hafa óskað eftir, t.d. vegna framkvæmdar samnings eða til þess að uppfylla lagareglur sem gilda um þjónustuna eða vinnsluna. Heimild til vinnslu persónuupplýsinga getur m.a. verið vegna framkvæmdar samnings eða lagaskyldu eða vegna lögmætra hagsmuna félagsins, einkum við að gæta öryggis upplýsingakerfa og þeirra gagna sem þar er unnið með. Ef upplýsinga er aflað frá þriðja aðila er það gert samkvæmt umboði viðskiptavinar og upplýst hvaðan upplýsingarnar stafa.

Hyggist ÍCP vinna persónuupplýsingar frekar og í öðrum tilgangi en lá til grundvallar við söfnun þeirra, og þess sem getið var að framan, verður viðkomandi aðili upplýstur um þann tilgang áður en vinnslan hefst, eftir því sem við á

Geymslutími gagna

ÍCP varðveitir persónuupplýsingar eins lengi og þörf krefur samkvæmt þeim lögum og reglum sem við eiga í starfsemi félagsins hverju sinni, eða eins lengi og lögmætir hagsmunir félagsins krefjast og málefnaleg ástæða gefur tilefni til. Málefnaleg ástæða er til staðar ef enn er unnið með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra eða vegna viðskiptalegra hagsmuna félagsins, t.d. til þess að afmarka, setja fram og verja kröfur ÍCP. Af framangreindu leiðir að mismunandi varðveislutími getur átt við eftir tegund og eðli persónuupplýsinga.

Miðlun persónuupplýsinga

ÍCP mun ekki afhenda persónuupplýsingar nema féluginu sé það skylt samkvæmt lögum eða dómsúrskurði. Viðskiptavinur getur heimilað ÍCP afhendingu persónuupplýsinga. Þegar ÍCP



afhendir upplýsingar til vinnsluaðila sem vinna upplýsingar og/eða verkefni á þeirra vegum þá hvílir á þeim vinnsluaðila sama þagnarskylda og hvílir á ÍCP og starfsmönnum þess.

Öryggi persónuupplýsinga

Rík skylda hvílir á ÍCP að gæta öryggis þeirra persónuupplýsinga sem félagið vinnur með. Þá skyldur rækir ÍCP m.a. með því að meta áhættu sem steðjar að viðkomandi vinnslu, t.d. hættu á að óviðkomandi fái aðgang að upplýsingunum eða þær skemmist eða verði eytt og að beita ráðstöfunum til að stemma stigu við slíkri hættu. Þær öryggisráðstafanir lúta einkum að aðgangsstýringu, raunlægu öryggi, mannauðsöryggi, rekstraröryggi og samskiptaöryggi. Þá er til staðar innra eftirlit hjá ÍCP með ofangreindu ásamt því að félagið endurskoðar áhættumatið sitt og viðbrögð reglulega.

Réttindi viðskiptavinar


Einstaklingar eiga rétt á því að fara fram á aðgang að persónuupplýsingunum sínum. Við tilteknar aðstæður eiga þeir einnig rétt á að þær séu leiðréttar, þeim eytt eða vinnsla þeirra sé takmörkuð að einhverju leyti. Þá eiga einstaklingar einnig rétt á að kvarta til Persónuverndar.

ÍCP hefur sett sér stefnu og reglur um meðferð kvartanna og gilda þær jafnt um persónuupplýsingar sem og önnur málefni í starfsemi ÍCP. Reglur þessar má finna á heimasíðu ÍCP <http://www.isafoldcp.is>.

Uppfærsla persónuverndarstefnu

ÍCP er heimilt að breyta þessari persónuverndarstefnu og bæta við hana hvenær sem er og taka sliðar breytingar gildi án fyrirvara. Slíkar breytingar kunna t.d. að vera gerðar til að samræma persónuverndarstefnuna við gildandi lög og reglur er varða persónuvernd hverju sinni.

Þannig samþykkt af stjórn Ísafoldar Capital Partners hf. þann 21. desember 2020.



Katrin Helga Helgadóttir
stjórn Ísafoldar Capital Partners hf.